

Stjórn SSH - 545 : 2109010 - Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins

Til : samradshopurasvidverdamala@ssh.is;
Frá : Hildigunnur Hafsteinsdóttir <hildigunnur@ssh.is>
Heiti : Stjórn SSH - 545 : 2109010 - Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins
Málsnúmer : 202112014
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 10.10.2022 09:58:20
Höfundur : Hildigunnur Hafsteinsdóttir <hildigunnur@ssh.is>

Komið þið sæl

Ofangreint var til umfjöllunar á 545. fundi stjórnar SSH hinn 3. október sl. og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2109010 - Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins

Framhald umræðu frá 531. og 537. fundum.

Samþykktar hafa verið breytingar á barnaverndarlögum sem leiða til breytinga á uppbyggingu barnaverndar innan sveitarfélaga. Samkvæmt lögunum verða barnaverndarnefndir lagðar niður og í stað þeirra starfræktar tvær aðskildar einingar á vettvangi sveitarfélaga, annars vegar barnaverndarþjónusta og hins vegar umdæmisráð barnaverndar. Þessum breytingum var ætlað að taka gildi hinn 28. maí 2022 en síðar var gildistöku frestað til 1. janúar 2023.

Fyrirliggjandi er nú erindi samráðshóps á sviði velferðarmála, dags. 29. september 2022, þar sem fram kemur að sviðsstjórar velferðarsviða aðildarsveitarfélaga SSH utan Reykjavíkur, auk nágrannasveitarfélaga, hafi lýst yfir vilja til samstarfs um rekstur sameiginlegs umdæmisráðs.

Er í erindinu farið fram á að samráðshópnum, þ.e. sviðsstjórum velferðarmála verið falið umboð til að vinna málið áfram, og gera drög að samningi milli ofangreindra sveitarfélaga auk kostnaðargreiningar vegna umrædds umdæmisráðs. Þegar drög slíkra samninga liggja fyrir verði þau að nýju lögð fyrir stjórn SSH.

Fyrirliggjandi er sniðmát slíks samstarfssamnings sem unnið hefur verið af Barna- og fjölskyldustofu. Jafnframt er fyrirliggjandi minnisblað deildarstjóra í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu, dags. 11. febrúar 2022, þar sem nánar er fjallað um tillögur að fyrirkomulagi en ætla má að forsendur breytist með aðkomu fleiri sveitarfélaga.

Þá er fyrirliggjandi minnisblaðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. febrúar 2022, sem lagt var fyrir 537. fund stjórnar, en í því er að finna nánari umfjöllun um umdæmisráð barnaverndar og mögulegt samstarf sveitarfélaga á þeim vettvangi.

Samráðshópnum er falið að vinna málið áfram, og gera drög að samningi milli ofangreindra sveitarfélaga auk kostnaðargreiningar vegna umrædds umdæmisráðs. Þegar drög að framangreindu liggja fyrir verði þau að nýju lögð fyrir stjórn SSH.

Tilkynnist framangreint hér með.